

Svör Viðreisnar við spurningalista Íþróttabandalags Reykjavíkur:

1. Hvað vill þitt framboð gera í íþróttamálum á næsta kjörtímabili?

Viðreisn styður fjölbreytt íþróttalíf í borginni, íþróttalíf þar sem borgarbúar, óháð aldri, kyni eða stöðu að öðru leyti geta stundað íþróttir eða notið þeirra sem áhorfendur kjósi þeir að gera það.

Jafnrétti á að vera leiðarstef í allri íþróttastarfsemi í Reykjavík. Íþróttafélög í Reykjavík eiga að setja sér viðbragðsáætlun í kynferðisbrotamálum og jafnréttis- og jafnlaunastefnu.

Að því gefnu að fulltrúar Viðreisnar í Reykjavík nái kjöri í komandi kosningum munu þeir fylgja þessu eftir með því að bera upp tillögu þess efnis að skilyrða fjárstuðning við íþróttafélög í Reykjavík við að í stefnum og aðgerðaráætlunum þeirra séu tiltækar reglur, áætlanir og verklag sem vinnur gegn öllu kynjамisrétti og vinnur hnitmiðað að jafnrétti í allri sinni mynd. Enda hefur íslenska ríkið skuldbundið sig á alþjóðavettvangi til að tryggja kynjajafnrétti á sviði íþróttamála skv. samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismunar gagnvart konum sem ísland er aðili að.

2. Hver er afstaða ykkar til afreksstarfs í Reykjavík? Teljið þið rétt að vera með bein fjárframlög til afreksstarfs eins og tíðkast í sumum nágrannasveitarfélögum?

Viðreisn vill að íþróttafélög í öllum hverfum borgarinnar bjóði upp á íþróttatengda afþreyingu fyrir börn sem ekki snýr að afreksíþróttum. Og er þal mjög fylgjandi svokallaðri þáttökustefnu (sbr. Íþróttastefnu Reykjavíkur 2012-2020) sem gerir iðkendum á öllum aldurstigum kleift að stunda íþróttir án áherslu á keppni. Viðreisn telur það ekki forgangsmál að stofna afrekssjóð ÍTR að nýju og telur sjóði ÍBR og ÍSÍ duga.

3. Hver er afstaða ykkar til þjóðarleikvanga, uppbyggingu þeirra og reksturs?

Í stefnu Viðreisnar kemur fram að Reykjavík skal vinna að því að laða að fleiri alþjóðleg íþróttamót í borginni. Í því samhengi gæti verið gott að hafa þjóðarleikvang við hæfi.

4. Hver er afstaða ykkar til frístundaaksturs í hverfum borgarinnar?

Viðreisn boðar einfaldara líf fyrir íbúa Reykjavíkur og hluti af þeirri stefnu er að tryggja börnunum okkar samfelldan dag eða heildstæðan dag menntunar, frístundar og tómsunda með öflugum og fjölbreytum samgöngum á milli skóla og íþróttahúsa/svæða. Nýta má meðal annars strætókerfið í þessum tilgangi.